

Erlend samskipti VMA. Staðan við upphaf haustannar 2014.

Annette de Vink hefur unnið að því í nokkur ár að koma starfsmönnum og nemendum af stað í samskipti og heimsóknir. Allmargir hafa tekið þátt, sumum líkar vel og öðrum síður. Oftast er þetta talsverð vinna og því miður fylgja oft ekki peningar til að greiða þá vinnu.

Jóhannes Árnason mun taka við þessu starfi.

Yfirlit um verkefni sem VMA tekur þátt í (er nýlokið):

Workmentor verkefni um þróun á námskeiði fyrir starfsfóstra á vinnustöðum. VMA, Noregur, Finnland, England, Holland, Wales, Frakkland. JÁR, KES, KPG og margir fleiri. Verkefni lokið. Sjá hér: <http://workmentor.vma.is>

Automotive technology and transport, best practice. Bera saman og ræða um aðferðir í námi í bifvélavirkjun og flutningagreinum. VMA, Eistland, Finnland. Lýkur með fundi í VMA 15. - 19. september 2014. BAR, BFI, HÁV, GLÁ.

Mobility, að senda nemendur í sjúkraliðanámi í starfsnám erlendis. Lýkur á þessu skólaári en mikilvægt að sækja um styrki til að geta haldið þessu áfram. AJV, MAL, SHJ.

Leonardo da Vinci yfirfærsluverkefnið SOS Mobilities fjallar um að kennarar ræði um og læri að undirbúa nemendur fyrir að stunda vinnustaðanámi erlendis, sérstaklega fjallað um nemendur sem eiga undir högg að sækja. VMA, Finnland, Svíþjóð, Frakkland og Þýskaland. HJD, ÓKR, HÁV. Verkefnið er um það bil hálfnað. Næsti fundur í Frakklandi í október 2014.

Viðskiptabraut VMA tekur þátt í samskiptaverkefni fyrir kennara og nemendur. Role of YOUTH in society – Royis. VMA, Finnland, Eistland, Lettland, Litháen. SUN, KAH, JÓJ, HIF, LEB. Fimm fundir, fyrsti fundur í VMA 15 – 19. sept 2014. Nýtt verkefni.

Starfsbraut VMA tekur þátt í þróunarverkefni um vinnustaðanámi fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning. VMA, FÁ, Noregur, Finnland. RGU og fleiri. Fyrsti fundur í Noregi í september 2014. Nýtt verkefni.

VMA og Charlottenlund í Þrándheimi í Noregi hafa fengið styrki til að fara í heimsóknir kennara og nemenda. Tveir styrkir: Á sviði tæknináms og á sviði list- og hársnyrtináms. Norðmenn koma í heimsókn á fund 10. - 12. september 2014. Frá VMA munu kennarar í tæknigreinum og listnámi – hársnyrtigreinum fara í heimsóknir og síðar munu nemendur heimsækja skólana. Nýtt verkefni.

Erasmus Plus verkefnið Completing Secondary Education. Þetta þróunarverkefni gengur út á að safna saman því sem skólarnir gera og hefur skilað árangri í að minnka brottfall. Markmiðið er að koma saman pakka af aðferðum sem hægt er að læra af hinum skólunum og geta þannig beitt fleiri úrræðum til að minnka líkur á brottfalli. Charlottenlund í

Þrándheimi stýrir verkefnum, VMA, Finnland, Danmörk, Þýskaland og Holland. (Hér vantar fólk úr VMA.) Nýtt verkefni.

WorkQual. Workmentoring within a Quality Management System. Erasmus Plus verkefni sem VMA stýrir. (Heildarframlag 187.000 Euro) Verkefnið fjallar um að taka saman og staðla vinnubrögð við það að koma nemendum í vinnustaðanáms og meta námið. VMA, Noregur, Finnland, England, Holland, Frakkland. Fyrsti fundur í VMA 13. - 14. nóvember 2014. JÁR ??? ??? Nýtt verkefni.

Heimsóknir í VMA.

Meðal annars heimsókn frá Randers í Danmörku, þar er um að ræða fólk sem hefur með að gera sjúkraliðanáms og skyldar greinar. 6. - 8. september 2014. AJV, JÁR, SHJ, MAL.

Taka við nemendum sem koma til að vera í vinnustaðnámi á svæðinu. VMA sér um að vera í samskiptum við skólana erlendis og vinnustaði hér.

Hér vantar örugglega fleira sem er í gangi og á dagskrá. Vinsamlega senda tölvupóst til jarn@vma.is

Stefna VMA er að taka þátt í spennandi verkefnum með skólum á Íslandi og í öðrum löndum á hinum ýmsu sviðum. Þetta fer mjög eftir áhuga kennara og eftir möguleikum mismunandi sviða og greina skólans.

Um þessar mundir eru starfsnámsstengd verkefni mjög áberandi; styrkt af Leonardo / Erasmus Plus. Gaman væri að sjá Comenius /Erasmus Plus verkefni í bóknámi fara af stað. Hér er lýst eftir áhugasömum kennurum í bóknámi.

Af verkefnum sem eru talin að ofan má ráða að þróun á starfsnámi og samskiptum við vinnustaði ásamt möguleikum nemenda til að fara erlendis er gegnumgangandi í verkefnum.

Jóhannes Árnason 20. ágúst 2014